



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 18. júní 2019

R19060111

Borgarráð

Þátttaka borgarfulltrúa í hátíðinni Takk Ísland í Vilnius, Litháen

Þann 14. júní sl. fór Líf Magneudóttir til Vilniusar í Litháen og flutti kveðju á hátíðinni Takk Ísland sem haldin er árlega þar í borg. Tilfni hátíðarinnar er að þakka Íslandi og Íslendingum fyrir að hafa fyrstir þjóða viðurkennt endurheimt sjálfstæði landsins og hinna Eyrstrasaltsríkjanna. Hátíðinn fer alla jafna fram um miðjan júní í Íslandsstræði í miðborg Vilnius. Á dagskránni hafa hafa jafnan verið ávörp frá Íslands hönd og Litháen, tónlistatriði, myndbönd og fleira. Þá hafa veitingastaðir og krár við götuna boðið upp á íslenskan mat og bjór. Fjölmiðlar hafa fjallað um hátíðina og vakið máls á framlagi Íslands til sjálfstæðisbaráttunnar.

Forsvarsmenn hátíðarinnar höfðu sérstakan áhuga á því að fulltrúi Íslands á hátíðinni í ár kæmi frá Reykjavíkurborg.

Dagur B. Eggertsson